

Fundargerð fyrir fyrsta fund Ungmennaráðs Hrunamannahrepps.

Haldinn fimmtudaginn 18. febrúar 2016 í Félagsheimili Hrunamanna, Huppusal.

Hófst hann um kl. 17.30.

Fundinn sátu:

Ragnar Magnússon oddviti, Jón Valgeirsson sveitarstjóri, Halldóra Hjörleifsdóttir varaoddviti, Bjarney Vignisdóttir sveitarstjórnarmaður, Sigurður Sigurjónsson sveitarstjórnarmaður, Unnsteinn Eggertsson sveitarstjórnarmaður, Maja Vilstrup Roldsgaard forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Zero, Jón Hermann Vignisson, Rúnar Guðjónsson, Nói Mar Jónsson, Sigríður Helga Steingrímsdóttir, Hrafnhildur Sædís Benediktsdóttir.

1. Ragnar Magnússon oddviti bauð velkomin á fundinn og lýsti ánægju sinni með því að starf Ungmennaráð Hrunamannahrepps sé komið af stað.

2. Sveitarstjóri Hrunamannahrepps Jón Valgeirsson kynnti erindisbréf Ungmennaráðs sem aðalvinnugagn ráðsins. Einnig kom fram að Ungmennaráðið hefur upphæðina 150.000 kr. til ráðstöfunar fyrir árið 2016.

3. Halldóra lagði til að ungmennaráðið noti sér tæknina sér til stuðnings, td. stofni facebook-síðu þar sem ræða má mál ráðsins. Einnig að nota möppu á Dropbox.

4. Spurt og svarað.

Sú spurning kom upp hvernig ungmennaráðið muni fréttu af þeim málefnum sem í gangi eru hverju sinni, og svaraði Halldóra að sveitarstjórnin muni senda ungmennaráðinu þau gögn sem snúa að málefnum ungs fólks en Ragnar bætti því við að ungmennaráðið megi taka afstöðu til fleiri mála en þeirra sem snúa beint að ungu fólki, og hvetur hann jafnframt til þess.

Unnsteinn minnti á það að Ungmennaráðið á að vera rödd unga fólksins í sveitarfélaginu og á að líta á sveitarstjórnina sem samstarfsaðila.

5. Sveitarstjórn yfirgaf fundinn kl. 18.15 en ungmennaráðið sat áfram til að velja í embætti ráðsins.

6. Kosið var í stöður formanns, varaformanns og ritara.

Samþykkt var að Rúnar Guðjónsson verði formaður ungmennaráðs.

Samþykkt var að Sigríður Helga Steingrímsdóttir verði varaformaður.

Samþykkt var að Hrafnhildur Sædís Benediktsdóttir verði ritari.

7. Málafni sem rædd var um í ungmennaráðinu á fundinum:

- Rætt var um verð í sund á Flúðum. Fullorðinsverð byrjar við 16 ára aldurs, en samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna er fullorðinsaldur 18 ára. Finnst ungmennaráðinu að það mætti endurskoða þetta.

- Ráðsmeðlimir sem eru í Flúðaskóla ræddu um það að það bráðvantar námsráðgjafa við skólann.

Í framhaldi af því var rætt um nýtt einkunnakerfi (A, B, C, D) sem tekur gildi í vor, en nemendum finnst of lítið búið að fræða um þetta og of seint.

- Rætt var um mál sem kom upp í Flúðaskóla fyrr á skólaárinu þar sem þyrfti á skyndihjálpi að halda, en þá kom í ljós að matráður skólans var sá eini á staðnum sem kunni skyndihjálpi. Finnst ungmennaráðinu þetta verulega ábótavant og vill leggja til að *allir starfsmenn sveitarfélagsins* fari á skyndihjálparnámskeið, og þá helst árlega til að viðhalda kunnáttu.

- Rætt var um forgangsroðun á innkaupum á húsgögnum og aðbúnaði í Flúðaskóla. Meðal annars var það rætt að unglingar fá of léleg borð og stóla, en mun betri húsgögn eru hjá yngri börnunum.

- Núi lagði til að rætt verði hvernig eigi að ráðstafa pening ungmennaráðs.

8. Rúnar formaður sagðist taka að sér að gera annarsvegar lokaða facebook-síðu fyrir ungmennaráðið, og einnig kom tillaga um að gera opna like-síðu þar sem ungt fólk í sveitarfélaginu gæti komið sínum skoðunum og tillögum á framfæri, en þannig væri ungmennaráðið best í stakk búið til að verja hagsmuni alls ungs fólks í sveitinni. Var þessi tillaga samþykkt.

Fundi slitið kl. 19.05.

Fundargerð ritaði Maja Vilstrup.